



## Fundargerð

387. fundur í hreppsnefnd Tálknafjarðarhrepps, haldinn miðvikudaginn 18.júní 2008, á skrifstofu Tálknafjarðhrepps kl. 17.00.

**Fundinn sátu :**

Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir, Bjarnveig Guðbrandsdóttir, Bragi Geir Gunnarsson, Birna Benediktsdóttir, Guðni J. Ólafsson og Ása Jónsdóttir.

**Fundargerð ritaði :** Ása Jónsdóttir

Oddviti setti fundinn og athugaði hvort athugasemdir væru við boðaða dagskrá, svo var ekki. Gengið til boðaðrar dagskrár.

### Dagskrá

**1. Fundargerðir nefnda Tálknafjarðarhrepps.**

- a) Fundargerð skólanefndar, dags. 22.maí 2008
  - Fundargerð í einum tölulið  
Borin upp til staðfestingar, samþ. með 4 atkv.
- b) Fundargerð skólanefndar, dags. 5.júní 2008
  - Fundargerð í einum tölulið  
Staðfest með 4 atkv.
- c) Fundargerð bygginganefndar, dags. 12.júní 2008
  - Fundargerð í sex töluliðum. –Birna kemur á fundinn.  
Töluliðir 1-4 lagðir fram til staðfestingar, samþ. með 5 atkv.  
5. töluliður  
Byggingafulltrúa veitt heimild til að veita leyfi til smávægilegra  
breytinga, svo sem fjarlæging reykháfa, breytingar á hurðum og  
gluggum sem og sólpallasmíð. Samþykkt með 5 atkv.  
6. töluliður  
Oddvita falið að ræða við byggingafulltrúa um tilhögun vinnu við að  
hnitamæla lóðir sveitarfélagsins. Samþykkt samhljóða.

**2. Samráðsnefnd Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps, dags. 28.maí 2008.**

Hreppsnefnd Tálknafjarðarhrepps styður heils hugar stofnun og uppbyggingu rannsóknar- og nýsköpunarsjóðs V-Barð og samþykkir að greiða , ásamt Vesturbyggð ,lágmarksstofnfjárhæð, kr. 732.000.- í því hlutfalli sem tíðkast hefur milli sveitarfélagna.

Hreppsnefnd styður nafngiftina **Skor þekkingarsetur**, skv. 6. Tölulið. Samþykkt samhljóða.

**3. Minjasafn Egils Ólafssonar, fundargerð dags. 29.mars 2008.**

Lagt fram til kynningar.

**4. Grunnskóli Tálknafjarðar, bréf skólastjóra dags. 12.júní 2008.**



Erindinu vísað til skólanefndar.

5. **Grunnskóli Tálknafjarðar, bréf skólastjóra dags. 13.júní 2008.**  
Hreppsnefnd mun að sjálfsgöðu fara eftir kjarasamningi LN við grunnskólakennara, þar sem launanefnd fer með fullt umboð til samninga fyrir sveitarfélagið. Fram kemur í fylgiskjali 5 með samningnum að : "Heimilt er viðkomandi yfirmanni launa- og starfsmannamála, eða þeim sem sveitarstjórn felur ábyrgðina, að fenginni tillögu og rökstuðningi viðkomandi yfirmanns stofnunar að bæta við 1 – 10 TV einingum tímabundið við heildarlaun starfsmanns .." Hreppsnefnd vísar erindinu til skólanefndar til umfjöllunar þar sem ómögulegt er að ákvarða viðbótarlaun, að svo stöddu, á grunnskólakennara sem ekki eru til staðar. Samþykkt samhljóða.
6. **Siglingastofnun, vottun Tálknafjarðarhafnar vegna siglingaverndar, bréf oddvita dags. 12.júní 2008,** tilkynning um að Davíð Rúnar Gunnarsson er verndarfulltrúi Tálknafjarðarhafnar. Samþykkt samhljóða
7. **DFK endurskoðun, bréf dags. 19.maí 2008.**
  - Kynnisbréf um störf endurskoðanda  
Lagt fram til kynningar.
8. **DFK endurskoðun, bréf dags. 19.maí 2008.**
  - Ráðningarábréf endurskoðanda.  
Lagt fram til kynningar.
9. **Byggðastofnun, bréf dags. 28.maí 2008.**  
Hreppsnefnd harmar að ekki hafi verið hægt að leggja góðu verkefni lið.
10. **Dansk-íslenska félagið, bréf ódagsett.**  
Lagt fram til kynningar
11. **Lögreglustjórinn á Vestfjörðum, bréf dags. 27.maí 2008.**  
Hreppsnefnd samþykkir að lögreglustjórinn á Vestfjörðum fari í þá vinnu að skoða lögreglusamþykktir sveitarfélaga á Vestfjörðum.
12. **Skipulagsstofnun, bréf dags. 6.júní 2008.**  
Afgreiðsla þessa erindis: sjá c lið dagskrárlíðar nr. 1.
13. **Umsókn um leyfi til kattahalds frá Aaron Mitchell**  
Leyfið samþykkt samhljóða.
14. **Atli Gunnarsson, verkefnastjóri, bréf dags. 19.maí 2008.**  
Erindinu hafnað, samþykkt samhljóða.
15. **Fjórðungssamband Vestfirðinga, bréf dags. 11.júní 2008.**  
Aðalsteinn Magnússon skipaður fulltrúi í samvinnunefndina og Heiðar Jóhannsson í skipulagshóp. Samþykkt samhljóða.
16. **Capacent Gallup, viðhorfskönnun vegna skólabúða.**  
Könnuninni vísað til atvinnumálanefndar, samþykkt samhljóða.
17. **Kjör oddvita og varaoddvita, til eins árs.**  
Samþykkt óbreytt skipan með 3 atkvæðum, Birna og Bragi sitja hjá.
18. **Iðnaðarráðuneytið, jarðhitaleit.** Fréttatilkynning nr. 11/2008  
Oddvita falið að leita eftir samningi við Orkubúið í samstarfi við Ísor og leggja niðurstöðuna fyrir næsta fund. Samþykkt samhljóða.





Gert hlé á fundi frá kl. 18.45 til kl. 19.15 vegna móttöku Krafts í kringum Ísland.

**19. Upplýsingagjöf framkvæmdarstjóra.**

Oddviti skýrði frá framkvæmdum við sundlaugina og Nýjabæ, einnig breytingum í sambandi við rekstur skrifstofu, undirbúningi fyrir skólabúðir og fyrirhugaða sumarhátið, Tálknafjör.

**Lagt fram :**

**20. Samband íslenskra sveitarfélaga, bréf dags. 26.maí 2008**

Lagt fram til kynningar

**21. Fjórðungssamband Vestfirðinga, bréf dags. 9.maí 2008**

Lagt fram til kynningar

**22. Stykkishólmsbær, bréf dags. 21.maí 2008.**

Lagt fram til kynningar

**23. Stykkishólmsbær, bréf dags. 21.maí 2008.**

Lagt fram til kynningar

**24. Menntamálaráðuneytið, bréf dags. 13.maí 2008.**

Lagt fram til kynningar

**25. Hafnasamband Íslands, bréf dags. 15.maí 2008.**

Lagt fram til kynningar

**26. Samband íslenskra sveitarfélaga. Fundargerð 754.fundar stjórnar sambandsins dags. 23.maí 2008.**

Lagt fram til kynningar

**27. Menningaráð Vestfjarða, bréf dags. 17.maí 2008.**

Lagt fram til kynningar

**28. Landskerfi bókasafna, bréf dags. 13.maí 2008.**

Lagt fram til kynningar

**29. Snæfellsbær, bréf dags. 13.maí 2008.**

Lagt fram til kynningar

**30. Samgönguráðuneytið, bréf dags. 2.júní 2008.**

Lagt fram til kynningar

**31. Hafnasamband Íslands, bréf dags. 8.maí 2008.**

Lagt fram til kynningar

**32. Fjölbautarskóli Snæfellinga, bréf dags. 3.júní 2008.**

Lagt fram til kynningar

**33. Umhverfisstofnun, bréf dags. 26.maí 2008.**

Lagt fram til kynningar

**34. Varasjóður húsnæðismála, bréf dags. 6.júní 2008.**



Tálknafjarðarhreppur

Lagt fram til kynningar

**35. Starfsendurhæfing Vestfjarða, bréf dags. 23.maí 2008.**

Lagt fram til kynningar

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 20.30

Íþrún Ingibj. Sigþósd.  
Eyrún Ingibjörg Sigbórsdóttir

Bjarnveig G.  
Bjarnveig Guðbrandsdóttir

Birna Ben  
Birna Benediktsdóttir

Guðni J. Ólafsson  
Guðni J. Ólafsson

Bragi G. Gunnarsson  
Bragi Geir Gunnarsson

Ása Jónsdóttir  
Ása Jónsdóttir